



Aðalfundargerð Skotíþróttafélags Kópavogs  
Miðvikudaginn 16. febrúar 2023  
Íþróttahúsið Skálaheiði 2 klukkan 18:00  
Mættir voru 15 félagsmenn auk stjórnar félagsins

### 1. Fundarsetning

Bjarki Þór Kjartansson vara formaður setti fundinn.

### 2. Kosning fundarstjóra

Stjórn gerði tillögu að Emil sem fundarstjóra. Var það samþykkt samhljóða.

Emil settur fundastjóri.

### 3. Kosning fundaritara

Stjórn gerði tillögu að Sigurður Inga Jónssyni sem fundaritara. Var það samþykkt samhljóða.

### 4. Skýrsla stjórnar

Bjarki Þór Kjartansson vara formaður las skýrslu stjórnar.

### 5. Fundarstjóri býður upp á spurningar vegna skýrslu stjórnar.

Engar spurningar bárust vegna skýrslunnar.

### 6. Nefndir gera ráð fyrir störfum sínum

#### Aganefnd

Meðlimir nefndar:

Sigvaldi Hafsteinn Jónsson, Jón Ingí Kristjánsson, Stefán Eggert Jónsson

Sigvaldi gerir grein fyrir störfum nefndarinnar, en ekkert mál kom inn á borð nefndarinnar á síðasta tímabili.

#### Húsaneftnd

Meðlimir nefndar:

G. Ævar Guðmundsson, Birgir Örn Sveinsson, Ómar Gunnarsson, Jón Elfar Þórðarson

Vinna nefndarinnar var mikil á seinasta tímabili, en nefndin var mjög virk við að leysa ýmis verkefni í gegnum framkvæmdir félagsins.

#### Æskulýðsnefnd:

Meðlimir nefndar:

Sigurveig Helga Jónsdóttir, Sigurður Ingi Jónsson, Mörður Áslaugarsson

Lítill starfsemi var vegna framkvæmdanna, en stefnt er á að setja allt á fullt eftir áramótin.



## 7. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Tekið var fram að bókhald ársins í gegnum framkvæmdirnar var gert með öðruvísi hætti en venjulega, en engin eiginleg mappa var útbúin fyrir árið eins og vani er, en allar færslur eru skjalaðar og rekjanlegar rafrænt.

Spurt var um lækkaða upphæð styrkja sem hafði minnkað milli ára, en það stafaði af færri styrkjum sem hægt var að sækja á árinu.

Spurt var um styrki sem hægt er að sækja frá evrópusambandinu. Stjórn félagsins var ekki kunnugt um það verkefni og sótti því enga styrki þangað.

Spurt var um fækkun félagsmanna á milli ára, en rætt var munurinn á nýskráningum og brottfalli úr félagini. Það eru enn fleiri að skrá sig í félagið en segja sig úr því.

Ársreikningur samþykktur einróma.

## 8. Lagabreytingar

Það liggja engar laga breytingar fyrir frá stjórn.

## 9. Kosning stjórnar, sbr.9.gr.

Meirihluti stjórnar gefur kost á sér að sitja áfram.

Mörður Áslaugarson, Gjaldkeri mun ekki gefa kost á sér áfram.

Sigurveig Helga Jónsdóttir, Varaformaður sagði sig úr stjórn á seinasta ári.

Sigurður Ingi Jónsson, Ritari mun ekki gefa kost á sér í aðalstjórn en mun í staðinn gefa kost á sér í varastjórn.

Tvö framboð bárust stjórn, annað fyrir aðalfund og hitt á aðalfundinum.

Axel Goethe gaf kost á sér í aðalstjórn félagsins og Guðrún Sæborg gefur kost á sér í varastjórn félagsins.

Engin önnur framboð bárust og voru fulltrúar sjálfkjörnir.

Aðalstjórn og Varastjórn eru fullmannaðar.

## 10. Kosning nefnda

### **Aganefnd**

Aganefnd starfar óbreytt.

### **Húsaneftnd**

Húsaneftnd starfar óbreytt.

### **Æskulýðsnefnd**

Breytingar eru á fulltrúum Æskulýðsnefndar en Mörður Áslaugarson gefur ekki kost á sér að sitja áfram í nefndinni. Axel Goethe gefur hinsvegar kost á sér og kemur í hans stað

#### 11. Skoðunarmenn reikninga kosnir:

Jónas Hafsteinsson gefur ekki kost á sér aftur sem skoðunarmaður reikninga, en fundarstjóri stingur upp á Jónasi Hafsteinssyni og Eiríki Björnssyni sem skoðunarmenn reikninga og Sverri Jónssyni sem varamanni. Var það samþykkt samhljóða.

#### 12. Kosning fulltrúa á þing UMSK og Stí þing.

Félagið okkar kemur til með að eiga 6 sæti á tilvonandi þingi STÍ.

Fundarstjóri stingur upp á því að þessu fulltrúavalni er vísað til stjórnar eins og fyrri ár. Var það samþykkt samhljóða.

#### 13. Meðlima- og inntökugjald.

Meðlimagjald félagsins hefur verið óbreytt um nokkurn tíma en lagði stjórn til að halda því óbreyttu með fyrirvara um að félagið fari að borga fast gjald til Skotsambands Íslands fyrir virka iökendur.

Stungið var upp á fyrirvara um hækjun sem nemur allt að 3.000 króna án tilvísunar til félagsfundar ef þetta gjald verður tekið upp eftir næsta þing STÍ. Var það samþykkt samhljóða.

#### 14. Orðið gefið frjálst

Mörður Áslaugarson bað um orðið. Hann er að vinna í því að fá útisvæði fyrir íþróttirnar okkar. Aðstaðan okkar er góð til inni skotfimi, en félagið hefur enga aðstöðu til þess að æfa neinar úti greinar. Einu sinni var unnin rosa góð vinna við að finna og meta útisvæði sem var komin langt á veg, en var svo stopp í einhverri pólitík sem varð til þess að sú vinna fór í súginn.

Í kringum höfuðborgarsvæðið er mikið af vatnsverndarsvæði og erfitt að finna svæði sem gæti hentað til íþróttanna okkar en það er í reglum að bannað að vera með kappakstursbrautir og skotvelli á vatnsverndarsvæði. Til þess að getað haft skotvöll þarf það að vera utan vatnsverndarsvæða.

Bjarki Þór Kjartansson fann til svæði sem getur hentað til þess að vera skotvöllur. Samkvæmt 13 grein íþróttalaga, sem snýr að íþróttamiðstöð sem er skilgreind tegund af samstarfsvertni eða sviði íþróttar gæti verið grundvöllur fyrir því að reisa þetta svæði sem þjóðarleikvang íþróttanna okkar. Sem samskonar dæmi má nefna íþróttamiðstöð vetraríþróttu á Akureyri.

Það þarf að virkja íþróttahreyfinguna, STÍ og ÍSÍ til þess að fara í þá vinnu að koma þessu verkefni af stað en lagaheimild er til fyrir aðstöðu sem er eins og regnhlíf sem ætti að þjóna öllu landinu. Um þessar mundir er vandræða ástand í Álfnesi og mikill byggðarþrýstingur á að því svæði verði lokað. Mikil hætta er á því að þetta svæði gæti lokað á næstu árum en þegar er búið að kæra starfið sem var að fara af stað aftur.

Reykjavík hefur legið undir miklu aðkasti vegna þessa máls, en við höfum mótað þá hugmynd með þeim að klúbbarnir, íþróttahreyfingin og aðildafélög byggi saman að því að aðstaða iðkunar skotíþróttu verði sett upp fyrir Ísland, hægt er að líta á þetta sem þjóðarleikvang skotíþróttu.



Landið sem Bjarki fann er í eign Mosfellsbæjar, og er áhugi fyrir þessu verkefni innan stjórnmálflokka í Reykjavík og Mosfellsbæ, og eru stjórnmálamenn á báðum stöðum hrifnir af þessari hugmynd. Borgarritari kynnti þessa hugmynd til að mynda fyrir skotfélögnum í Reykjavík að fyrra bragði.

Svæðið sem um ræðir er Seljadalur innan Þormóðsdal, inni á Mosfellsheiði í yfir 200 metra hæð. Áhyggjur mynduðust yfir því að svæðið sé illfært á veturna, en vegur er góður og það eru lögbýli þarna í dalnum þannig að það ætti að vera skafið langmest af leiðinni. Einnig er dalurinn þannig að vonandi ætti ekki að safnast mikill snjór. Skotstefna er upp á mosfellsheiði

Stjórn félagsins hefur farið ferðir út að svæðinu til þess að skoða, meðal annars þegar það er snjóþungt yfir en vegurinn virðist haldast fær.

Mörður Áslaugarson óskar hér með eftir umboði aðalfundar til þess að halda áfram að vinna þetta mál. Var það samþykkt samhljóða.

Spurt var um kaup á skotum í gegnum félagið, en einhverjir félagsmenn hafa sett sig í samband við framleiðendur og safnað saman í stærri pantanir frá framleiðanda.

Það má alveg skoða það að gera þetta á vegum félagsins eins og hefur verið gert í fortíðinni.

#### 15. Aðalfundi félagsins slitið

Fundarstjóri þakkar fyrir góðan fund.